

Störf háskólaráðs 2017-2018

Álit nefndar, 29. maí 2018

Á fundi háskólaráðs 1. nóvember 2012 voru samþykktar *Starfsreglur háskólaráðs Háskóla Íslands*. Reglurnar hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum, síðast haustið 2017. Í 10. grein reglnanna er kveðið á um að ráðið setji á laggirnar nefnd sem hafi það hlutverk að leggja árlega mat á störf ráðsins á undangengnu starfsári. Meginmarkmið matsins er að rýna vinnubrögð ráðsins og leggja til umbætur í starfsháttum þess.

Á fundi háskólaráðs 12. apríl 2018 voru valin í nefndina Eiríkur Rögnvaldsson (fulltrúi háskóla-samfélagsins og varaforseti háskólaráðs, formaður), Erna Hauksdóttir (fulltrúi valinn af mennta- og menningarmálaráðherra), Ragna Árnadóttir (fulltrúi valinn af háskólaráði) og Þengill Björnsson (fulltrúi stúdenta).

Í eftirfarandi greinargerð er lagt mat á störf ráðsins starfsárið 2017- 2018.

Starfið í vetur

Nefndin er afar ánægð með starfshætti háskólaráðs. Fundirnir eru alltaf vel undirbúnir og skipulagðir, og nefndin þakkar starfsfólki í stjórnsýslu sérstaklega fyrir umsjón og skipulag. Sérstakt lokað vefsvæði sem var tekið í notkun haustið 2015 og hýsir fundargögn og önnur gögn sem varða störf ráðsins hefur gefist mjög vel, fundargögn eru ítarleg og yfirleitt aðgengileg tímanlega, og auðvelt að leita að gögnum. Fundarstjórn er mjög markviss, tímaáætlanir standast, og umræða er ætíð opin og hreinskiptin. Nefndin þakkar forseta ráðsins fyrir góða og skilvirka fundarstjórn og ritara ráðsins fyrir skýrar og gagnorðar fundargerðir.

Eins og undanfarin ár eru fjármálin helsta viðfangsefni ráðsins og hafa verið fyrsta mál á dagskrá á flestum fundum háskólaársins. Framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnsýslu og fjármálastjóri hafa komið á fundina og gert skýra grein fyrir stöðu mála. Í áliti nefndar um starfshætti háskólaráðs í fyrra var lögð áhersla á mikilvægi þess að senda gögn um fjármál út fyrir fundi ef þess væri kostur, og jafnframt óskað eftir því að viðamiklum gögnum fylgdu minnisblöð þar sem meginatriði væru dregin saman í stuttu máli. Úr hvorutveggja hefur verið bætt og lýsir nefndin ánægju með það.

Fjögur önnur mál hafa verið áberandi í starfi ráðsins í vetur og komið fyrir a.m.k. fjóra fundi hvert – skipulagsmál, innri endurskoðun, jafnréttismál og stefna skólans, HÍ21. Margir gestir hafa komið á fundi ráðsins til að hafa framsögu um þessi mál, um þau hafa verið lagðar fram ýmsar skýrslur og önnur gögn, og þau hafa verið rætt ítarlega. Það er mikilvægt að háskólaráð, sem æðsta stjórn skólans, fylgist vel með því sem er á döfni í þessum mikilvægu málum og hafi þannig sem bestar forsendur til að taka ákvarðanir um þau. Nefndin telur að vel sé fyrir því séð.

Starfsreglur háskólaráðs

Í fyrra lagði nefnd um störf háskólaráðs til nokkrar breytingar á starfsreglum ráðsins. Þessar tillögur voru allar samþykktar á fundi ráðsins í september sl. Nefndin hefur farið vandlega yfir reglurnar eins og þær eru nú, og sér ekki ástæðu til að leggja til neinar breytingar á þeim.

Eiríkur Rögnvaldsson

Erna Hauksdóttir

Ragna Árnadóttir

Þengill Björnsson